

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla

um umsækjanda um embætti dómanda og varadómanda við

Endurupptökudóm, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaði 28. október 2022

Reykjavík, 16. desember 2022

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	2
3. Málsmeðferð dómnefndar	4
4. Almennar upplýsingar um umsækjandann.....	5
5. Mat á hæfni umsækjandans	6
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	6
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	7
5.3. Reynsla af dómstörfum	7
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	8
5.5. Reynsla af stjórnáslustörfum	8
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	8
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	8
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.	9
5.7. Reynsla af stjórnun	9
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	9
5.9. Sérstök starfshæfni.....	9
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	9
5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	10
5.10. Færni til að semja dómsúrlausnir	10
6. Niðurstaða dómnefndar	10

1. Inngangur

Í Lögbirtingablaði 28. október 2022 auglýsti dómsmálaráðuneytið laus til umsóknar embætti eins dómanda og eins varadómanda við Endurupptökudóm. Ein umsókn barst ráðuneytinu og er hún frá Stefáni Geir Þórisssyni lögmanni sem kveðst sækjast eftir skipun í embætti dómanda en til vara í embætti varadómanda. Með bréfi 17. nóvember 2022 fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjandans til að gegna umræddum embættum.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að fyrrgreindur umsækjandi uppfyllti þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda

og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg

samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnslutölögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

3. Málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa skipuðu eftirtaldir dómnefndina: Eiríkur Tómasson, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjandanum var sent tölvubréf 22. nóvember 2022 þar sem óskað var eftir því að hann gerði athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldi hann að einhverjar vanhæfisástæður væru fyrir hendi. Samdægurs lýsti hann því yfir að hann gerði ekki athugasemdir í þá veru.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 22. nóvember 2022.

Í framangreindri auglýsingu frá 28. október 2022 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjandinn hafði gefið upp sem umsagnaraðila. Honum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Hæfni umsækjandans hefur áður verið metin tvívegis af dómnefnd, sbr. umsagnir hennar 2. september 2020 og 15. janúar 2021. Hefur nefndin haft hliðsjón af því mati við gerð þessarar umsagnar.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjandanum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfi 8. desember 2022, þar sem honum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 13. sama mánaðar. Ein athugasemd barst og taldi nefndin ekki ástæðu til að breyta umsögn sinni til samræmis við hana.

4. Almennar upplýsingar um umsækjandann

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjandans, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni hans á grundvelli þeirra megin-sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla.

Stefán Geir Þórisson er fæddur 30. september 1962 og er því 60 ára. Hann lauk árið 1990 embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist 1992 réttindi til málflutnings í héraði og 1998 leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði hann um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins, en frá þeim tíma til janúarloka 1993 sem löglerður fulltrúi á lögmannsstofu. Hann starfaði í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. febrúar 1993 til 1. júlí 1995 er hann kom aftur til starfa sem lögmaður á áðurnefndri lögmannsstofu og vann þar til 1. febrúar 1998. Frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á þremur lögmannsstofunum. Þá hefur hann verið varadómandi við Endurupptökudóm frá 1. febrúar 2021 og setið þar í 19 málum. Ennfremur hefur hann átt sæti í stjórnnum nokkurra fyrirtækja. Umsækjandinn hefur frá 1. janúar 2017 verið gerðarmaður við Alþjóða íþróttadómstólinn. Á árunum 2009-2010 var hann einn þriggja gerðarmanna í alþjóðlegum gerðardómi og þá hefur hann verið gerðarmaður í öðru slíku máli. Frá 2013 hefur hann verið nefndarmaður í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, tæknilausnum og þjónustu Mílu ehf. og heildsölu Símans hf., auk þess sem hann var á árinu 1998 settur nefndarmaður ad hoc í máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Á árinu 2005 tók hann sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins við mat á samkeppnisáhrifum af samruna hluta Burðaráss hf. við Landsbanka Íslands hf. og Straum-fjárfestingabanka hf. Umsækjandinn var

stundakennari í evrópurétti og félagarétti við lagadeild Háskóla Íslands á árinu 1992 og síðan frá 1995 til 1997, en frá þeim tíma prófdómari við deildina um þriggja ára skeið, auk þess að vera leiðbeinandi við ritun meistararitgerða við sömu deild. Hann hefur frá árinu 2004 sinnt stundakennslu í evrópurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík auk þess að vera leiðbeinandi við ritun meistararitgerðar við sömu deild. Þá hefur hann annast kennslu á stuttum námskeiðum. Eftir hann liggur einn ritryndur bókarkafli og ein grein um lögfræðileg efni, auk tveggja stuttra greina sem birtust í Lögmannablaðinu. Einnig hefur umsækjandinn haldið fyrirlestra hér á landi og erlendis um lögfræðileg efni. Af öðrum störfum má nefna að hann sat í nefnd sem skipuð var á sínum tíma af fjárlaganefnd Alþingis til að meta drög að samningi vegna Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn. Hann var nefndarmaður í Samninga- og félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands 2007-2017. Umsækjandinn hefur verið stjórnarmaður í Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík frá stofnun hennar árið 2004. Hann var 1996-2008 varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Víkings og sat 2007-2009 í stjórn Knattspyrnusambands Íslands. Hann var einnig 2000-2006 varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Stoke City FC. Þá var hann 1998-2002 varamaður í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA og sat á árunum 2005-2007 í stjórn Lögmannafélags Íslands.

5. Mat á hæfni umsækjandans

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi

Í 2. mgr. 13. gr., sbr. 4. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2016 er í átta tölulíðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm þurfa að uppfylla til að skipa meg þá í embættin. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 13. gr., hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölul., hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölul. og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi

starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölul. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjandinn uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um embættin að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjandans og persónulega eiginleika hans, voru jákvæðar í hans garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að umsækjandinn uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni dómanda við Endurupptökudóm samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Umsækjandinn lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlendis.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Umsækjandinn hefur verið varadómandi við Endurupptökudóm frá því í byrjun árs 2021 og tekið þátt í meðferð alls 19 mála sem lokið hefur verið með úrskurðum dómstólsins. Þá sat hann í gerðardómi í tveimur málum á árunum 2009-2010 og 2015.

5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1992 og fyrir Hæstarétti 1998. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í tæplega fimm ár. Frá árinu 1998 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og verið einn fimm eigenda lögmannsstofu frá 2007. Lögmannsstörf hans hafa snert flest svið lögfræðinnar, m.a. evrópurétt, og hefur hann flutt mikinn fjölda mála fyrir innlendum dómstólum á öllum þremur dómstigum. Þá hefur hann rekið mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu og flutt nokkur mál fyrir EFTA-dómstólnum, þ. á m. mál Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur, en dómur í því máli fól í sér merkt fordæmi um réttaráhrif EES-reglna.

5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Umsækjandinn starfaði í um eins árs skeið í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá starfaði hann í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA í um tvö og hálf ár. Á árinu 2005 tók hann sæti forstjóra Samkeppniseftirlitsins í einu stjórnsýslumáli. Hann hefur frá 2013 átt sæti í Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að kerfum, tæknilausnum og þjónustu Mílu og heildsölu Símans, auk þess sem hann var settur nefndarmaður í einu máli fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á árinu 1998. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES- samninginn sem skilaði skýrslu 2018.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Umsækjandinn var stundakennari í evrópurétti og félagarétti við lagadeild Háskóla Íslands á árinu 1992 og síðan 1995-1997 en frá þeim tíma var hann prófdómari í evrópurétti um þriggja ára skeið auk þess að vera leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða við sömu deild. Hann hefur einnig sinnt stundakennslu í evrópurétti, mismikið milli ára, við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2004, auk þess að vera leiðbeinandi við ritun meistararitgerðar við deildina. Einnig hafði hann umsjón

haustið 2005 með námskeiði á sviði réttarfars sem aðjúnkt við sömu deild. Þá hefur hann annast kennslu á stuttum námskeiðum.

5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.

Umsækjandinn hefur ritað einn ritrýndan bókarkafli og eina óritrýnda grein um lögfræðileg efni auk tveggja stuttra greina sem birtust í Lögmannablaðinu. Þá tilgreinir hann í umsókn sinni sjö erindi og fyrirlestra sem hann hefur flutt hérlendis og erlendis um lögfræði við hin ýmsu tilefni.

5.7. Reynsla af stjórnun

Umsækjandinn hefur komið að rekstri lögmannsstofu í rúm 24 ár, þar af lengst af þeim tíma sem framkvæmdastjóri tveggja lögmannsstofa fimmta hvert ár. Þá var hann formaður starfshóps utanríkisráðherra vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES- samninginn. Hann var varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Víkings 1996-2008 og varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Stoke City FC í Englandi 2000-2006.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Umsækjandinn sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2005-2007. Hann hefur verið gerðardómari við Alþjóða íþróttadómstólinn frá 2017 og tekið þátt í meðferð nokkurs fjölda mála þar. Einnig var hann í Samninga- og félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands 2007-2017. Þá átti hann sæti í nefnd, skipaðri af fjárlaganefnd Alþingis, til að meta drög að samningi vegna Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. og skilaði nefndin af sér álit 2010.

5.9. Sérstök starfshæfni

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Umsækjandinn hefur sýnt með framangreindum störfum sínum, einkum dómstörfum og máflutningi, að hann hefur öðlast mjög gott vald á réttarfarsreglum.

5.9.2. *Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjandinn hefur gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd svo á að hann sé hæfur til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem honum eru fengin, bæði skjótt og vel.

5.10. *Færni til að semja dómsúrlausnir*

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli.

Dómnefnd hefur farið yfir nýlegar greinargerðir umsækjandans fyrir æðri dómi og þá úrskurði Endurupptökudóms sem hann hefur samið drög að og kveðnir voru upp á árunum 2021 og 2022. Nefndin lítur svo á að hann hafi með þessum framlögum sínum sýnt fram á að hann sé vel fær um að semja dómsúrlausnir á borð við úrskurði Endurupptökudóms.

6. Niðurstaða dómnefndar

Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjanda og skiptir þar mestu máli að hann hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í kafla 5, er það niðurstaða dómnefndar að *Stefán Geir Þórisson* sé vel hæfur til að gegna embætti dómanda við Endurupptökudóm.

Stefán Geir Þórisson öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 1992 og fyrir Hæstarétti 1998. Á árunum 1991-1993 og 1995-1998 var hann fulltrúi á lögmannsstofu, en hefur upp frá því verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Á þessum tíma hefur hann flutt mikinn fjölda mála af flestum réttarsviðum á öllum dómstigum, auk þess sem hann hefur rekið mál fyrir EFTA-dómstólnum og Mannréttindadómstól Evrópu. Af öðrum störfum má nefna að hann starfaði í lagadeild Eftirlitsstofnunar EFTA á árunum 1993-1995 og hefur frá ársbyrjun 2021 verið varadómandi í Endurupptökudómi þar sem hann hefur tekið sæti við meðferð þó nokkurra mála. Einnig hefur hann frá 2017 verið gerðarmaður við Alþjóða íþróttadómstólinn og tekið þátt í meðferð nokkurra mála þar. Þá hefur hann um árabíl sinnt stundakennslu við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og jafnframt lagt stund á fræðiskrif um lögfræði. Auk þess hefur hann gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum, m.a. innan íþróttahreyfingarinnar.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Stefán Geir Þórisson sé vel hæfur til að hljóta skipun í embætti dómands við Endurupptökudóm sem auglýst var laust til umsóknar 28. október 2022.

Reykjavík, 16. desember 2022



Eiríkur Tómasson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Kristín Benediktsdóttir



Reimar Pétursson



Þorgeir Örlygsson